

Ráðhús Reykjavíkur
Borgarráð

Efni: Samstarfs- og styrktarsamningur SFS og RÚV um UNGRÚV 2023 – 2025

Á fundi skóla- og frístundaráðs þann 19. desember 2022 voru lögð fram drög að samstarfs- og styrktarsamningi skóla- og frístundasviðs við RÚV um UngRÚV 2023-2025 ásamt minnisblaði sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 14. desember 2022 og reglum Reykjavíkurborgar um styrki.

Erindið var samþykkt með fimm atkvæðum skóla- og frístundaráðsfulltrúa Samfylkingarinnar, Framsóknarflokksins, Pírata og Sósíalístaflokks Íslands gegn tveimur atkvæðum skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins.

Erindinu var vísað til borgarráðs.

Erindinu er hér með vísað til borgarráðs.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Framsóknarflokksins og Pírata lögðu fram svohljóðandi bókun:

Fjölmiðlalæsi er ein af meginstoðum lýðræðislegrar þátttöku nú á dögum. Að gefa unglingum tækifæri og vettvang til að láta raddir sínar heyrast og læra á fjölmiðlaumhverfi er í samræmi við nýja menntastefnu, m.a. með námskeiðum í tækni- og dagskrárgerð fyrir nemendur á unglingastigi grunnskóla, auk þess sem það er ómetanleg reynsla fyrir unglingana sjálfa. Áður fyrir hefur borgarlögmaður staðfest að samningurinn samræmist innkaupareglum Reykjavíkurborgar og samningurinn falli undir þá starfsemi sem tilgreind er í 13. gr. innkaupareglna borgarinnar og fjárhæð samningsins sé undir viðmiðunarfjárhæðum VIII. kafla laga nr. 120/2016 um opinber innkaup.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins lögðu fram svohljóðandi bókun:

Það er ánægjulegt að RÚV sýni þessu verkefni áhuga og sinni þannig fræðsluhlutverki sínu. Rétt er að benda á að RUV ber að auka framleiðslu á íslensku efni fyrir börn samkvæmt þjónustusamningi RÚV og menntamálaráðuneytisins. Hér hefði verið rétt að fara í útboð/verðfyrirspurn og kanna áhuga annarra sjónvarpsstöðva til að taka verkefnið að sér eða öðrum fjölmiðlum. Þá vekur athygli að hér er ekki um þjónustukaup að ræða heldur er skóla- og frístundaráð að styrkja RUV ohf. Ekki liggja fyrir skýrar talningar um áhorf á efnið sem framleitt hefur verið hingað til, það er á grundvelli fyrri samnings við RÚV sem nú stendur til að endurnýja.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúi Sósíalístaflokks Íslands lagði fram svohljóðandi bókun:

Það er mikilvægt að sjónvarp allra landsmanna sinni hlutverki sínu með fræðslu fyrir ungt fólk. Þó svo að við styðjum tillöguna þá er það sérstakt að samningur þurfi til þess að RÚV fjalli um málefni ungs fólks. Það er áhyggjuefni að það sé rekið eins og fyrirtæki sem þurfi að greiða sérstaklega til þess að fjalla um mál sem því ber að sinna.



Reykjavíkurborg

Virðingarfyllst

Helgi Grímsson

Helgi Grímsson
sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Hjálagt:

Drög að samstarfs- og styrktarsamningi
Minnisblað, dags. 14. desember 2022
Reglur Reykjavíkurborgar um styrki



Skóla – og frístundasvið Reykjavíkurborgar, kt. 530269-7609 (hér eftir nefnt SFS) og Ríkisútvarpið ohf., kt. 600307-0450 (hér eftir nefnt RÚV), gera með sér svofelldan

Samstarfs- og styrktarsamning

1.gr

Markmið

Markmið samnings þessa er að styðja við unglíngalýðræði og skapa vettvang fyrir raddir unglínga í íslensku samfélagi.

UngRÚV er þjónusta við ungt fólk þvert á miðla RÚV. UngRÚV er hluti af RÚV núll - þjónustu RÚV við ungmenni á aldrinum 13-16 ára. Samningurinn er fram settur sem styrkur til að treysta rekstrargrundvöll og starfsemi UngRÚV. Markmið samstarfs RÚV og SFS er að unglíngar í 8., 9. og 10. bekk í Reykjavík fái tækifæri til að þróa og taka þátt í verkefnum UngRÚV þar sem áhersla er lögð á fjölbreytileika og mismunandi hæfileika unglínga.

2. gr.

Réttindi

RÚV fer með ótakmarkaðan og ótímabundinn rétt á öllu því efni, sem miðlað er á UngRÚV, bæði héraendis sem erlendis. Rétturinn gildir jafnt um einstök atriði í þjónustu UngRÚV sem og miðla UngRÚV í heild.

3. gr.

Framlag RÚV

Framlag RÚV skv. samningi þessum er eftirfarandi :

- RÚV þróar áfram vefmiðil fyrir unglínga í samstarfi við SFS með áherslu á dagskrárefni fyrir unglínga.
- RÚV leggur til grundvallar miðilinn UngRÚV þar sem ungu fólki gefst tækifæri til að koma á framfæri eigin framleiðslu.
- Utanumhald á námskeiðum:
 - Tækni- og dagskrárgerðarnámskeið haldið árlega á vegum RÚV, þar sem um tuttugu unglíngum er boðið að taka þátt. RÚV gefur ungu tæknifólki möguleika á að taka þátt í framleiðslu á efni fyrir UngRÚV að undangengnu námskeiði skv. samningi þessum.
 - Námskeið í fréttamiðlun, vinnslu og flutningi. Ungt fréttafólk fær þjálfun í öllu því helsta sem þarf að kunna í fréttaflutningi. Fréttir þeirra eru svo birtar á UngRÚV og í Krakkafréttum. Námskeið fer fram stuttu fyrir Barnamenningarhátíð.
- SFS í samstarfi við UngRÚV setja á laggirnar UngRÚV ráð sem hjálpar til við að móta dagskrárstefnu UngRÚV.
- Samstarf um Skrekk - hæfileikakeppni SFS.



- Myndræn skrásetning á skólaheimsóknum þar sem allir þátttökuskólar eru heimsóttir og viðtöl tekin við keppendur,
- Leggur til tækja- og tæknibúnað og vinnuframlag starfsfólks RÚV fyrir undanúrslit og úrslita kvöld.
- Sendir út þrjár vefútsendingar af undanúrslitum.
- Upptökur á prófílum, fyrir beina útsendingu.
- Viðtal við sigurvegara frá árinu áður.
- Umsjón með ungu fólki á samfélagsmiðlum UngRÚV.
- Verkefnastjórnun og útsendingarstjórn á beinni útsendingu af úrslitakvöldi.
- Umfjöllun um Skrekk á RÚV miðlum.
- Auka sýnileika unglinga í línulegri dagskrá á RÚV - jafnt í almennri dagskrá sem og sérstakri þáttagerð á helstu viðburðum ungmenna svo sem Samfés, Stíl, Danskeppni Samfés, Rímnaflæði, Upptaktinn og fleira.
- Framleiða spjallseríu þar sem ungmenni eru í forgrunni. Áhorfendur kynnast áhugaverðu ungu fólki og læra um málefni sem þeim eru hugleikin sbr. þáttagerð um ungt fólk sem fékk Íslenskuverðlaun SFS.
- Gæta skal trúnaðar gagnvart málefnum barna og skal tryggt að aflað sé samþykkis forsjáraðila þegar við á.
- Agnes Wild er tengiliður RÚV.

4. gr.

Framlag SFS

Framlag SFS skv. samningi þessum er eftirfarandi:

- SFS styrkir RÚV um alls kr. 18.217.287,- á samningstímanum.
- Greiðslur skulu inntar af hendi sem hér segir:

1.	15.1.2023	2.024.143
2.	15.5.2023	2.024.143
3.	15.9.2023	2.024.143
4.	15.1.2024	2.024.143
5.	15.5.2024	2.024.143
6.	15.9.2024	2.024.143
7.	15.1.2025	2.024.143
8.	15.5.2025	2.024.143
9.	15.9.2025	2.024.143

- Allar upphæðir eru undanskyldar virðisaukaskatti, en ekki er um virðisaukaskattskylda starfsemi að ræða.
- Verkefnastjóri barnamenningar SFS sér um samstarf og er tengiliður við RÚV / UngRÚV fyrir hönd SFS.
- Ekki er um frekari greiðslur að ræða af hálfu SFS skv. samningi þessum.



- Gerður er fyrirvari af hálfu Reykjavíkurborgar um að fjárveitingar skóla- og frístundasviðs eru gerðar með fyrirvara um fjárheimildir skv. fjárhagsáætlun á hverju ári eftir fyrsta ár samningsins.

5. gr

Gildistími samnings

Gildistími samnings þessa er frá 1. janúar 2023 til 31. desember 2025. Fellur samningurinn þá úr gildi án sérstakrar uppsagnar.

Samningurinn er uppsegjanlegur af hálfu beggja samningsaðila með 3 mánaða fyrirvara og miðast uppsögn við mánaðamót.

6. gr.

Vanefndir, reglur o.fl

Komi í ljós að skóla- og frístundasvið hefur ofgreitt styrkfjárhæð af einhverjum ástæðum, t.d. vegna rangra upplýsinga eða mistaka, mun sviðið lækka styrkfjárhæð til RÚV við næstu greiðslu sem því nemur eða krefjast endurgreiðslu.

Verði um verulegar vanefndir að ræða á skyldum skv. samningnum af hálfu annars hvors samningsaðila er gagnaðila heimilt að rifta samningnum, þ.m.t. afturkalla styrkloforð og/eða krefjast endurgreiðslu, án frekari fyrirvara eða aðvarana. Áður en til riftunar kemur skal samningsaðili þó hafa skorað á gagnaðila að bæta úr vanefndinni innan hæfilegs frests, sem skal að öllu jöfnu ekki vera lengri en 14 dagar.

Um samning þennan fer eftir reglum Reykjavíkurborgar um styrki og skal geta þess í kynningarefni RÚV að stofnunin njóti styrks frá Reykjavíkurborg.

Skv. reglum Reykjavíkurborgar um styrki skulu þeir, sem njóta styrkja frá Reykjavíkurborg, skila kyngreindum gögnum um þá, sem eftir atvikum veita eða njóta tiltekinnar þjónustu eða gæða vegna styrkveitingarinnar. Sérstaklega skal greint frá því hvaða áhrif styrkurinn hefur á stöðu jaðarsettra hópa fólks, sbr. mannréttindastefna Reykjavíkur. Greinargerðinni skal skilað á sérstöku eyðublaði <http://www.reykjavik>.

Skv. mannréttindastefnu borgarinnar eru styrkir borgarinnar bundnir því skilyrði að unnið sé gegn mismunun og að jafnrétti. Mannréttindaráð Reykjavíkurborgar getur krafist viðtakanda styrks um greinargerð um ráðstöfun hans til að fylgjast með því að hann sé nýttur á jafnréttisgrundvelli.

7. gr.

Fjárhagsleg ábyrgð og framsal

Reykjavíkurborg ber hvorki lagalega né fjárhagslega ábyrgð á verkefnum sem unnin verða á grundvelli styrksins.

Samningsaðila er óheimilt að framselja réttindi sín og/eða skyldur samkvæmt



samningi þessum, í heild eða að hluta, nema að fyrirframfengnu skriflegu samþykki hins.

8. gr.

Varnarþing o.fl.

Rísi ágreiningur um efni og/eða túlkun samningsins skal reka ágreiningsmál fyrir héraðsdómi Reykjavíkur.

Af samningi þessum eru gerð tvö samhljóða frumrit, sitt handa hvorum aðila.

Reykjavík, x. xx 2022

F.h. RÚV / UngRÚV

F.h. Skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar

Skarphéðinn Guðmundsson

Helgi Grímsson

Vottar að rétttri dags. og undirritun



MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Efni: Samningur skóla- og frístundasviðs við RÚV um UngRÚV

Skóla- og frístundasvið (SFS) leggur til að gerður verði samstarfs- og styrktarsamningur við RÚV um UngRÚV. Gildistími samningsins verði frá 1. janúar 2023 til 31. desember 2025. Samningur SFS við UngRÚV frá árinu 2020 fellur úr gildi þann 31. desember 2022.

Markmið samnings þessa er að styðja við unglíngalýðræði og skapa vettvang fyrir raddir unglínga í íslensku samfélagi í samræmi við nýja Menntastefnu Reykjavíkurborgar.

UngRÚV er þjónusta við ungt fólk þvert á miðla RÚV. Markmið samstarfs RÚV og SFS er að unglíngar í 8., 9. og 10. bekk í Reykjavík fái tækifæri til að þróa og taka þátt í verkefnum UngRÚV þar sem áhersla er lögð á fjölbreytileika og mismunandi hæfileika unglínga. Nýr samningur snýr að aukinni áherslu á samstarf um RÚV, menntun ungs fólks í dagskrárgerð, meiri sýnileika unglínga í línulegri dagskrá og ekki síst þátta um áhugavert ungt fólk, sbr. Íslenskuverðlaunahafa úr grunnskólum í Reykjavík.

Ástæða þess að leitað er til RÚV um samstarf er meðal annars sú að vilji er til að vera í samstarfi við miðil sem þjónar öllum börnum í landinu, óháð áskrift. RÚV er með sérstaka deild starfsfólks sem vinnur að barna- og unglíngþjónustu og hefur sérhæft sig í starfi með ungu fólki og leggur mikinn metnað í tækifæri í miðlun með og fyrir ungt fólk. Búið er leggja mikla vinnu í samstarfið. Þá hefur skóla- og frístundasvið afar góða reynslu af samstarfinu.

Verkefnið mun felast fyrst og fremst í eftirfarandi:

- RÚV þróar áfram vefmiðil fyrir unglínga í samstarfi við SFS með áherslu á dagskrárefni fyrir unglínga.
- RÚV leggur til grundvallar miðilinn UngRÚV þar sem ungu fólki gefst tækifæri til að koma á framfæri eigin framleiðslu.
- Utanumhald á námskeiðum:
 - Tækni- og dagskrárgerðarnámskeið haldið árlega á vegum RÚV, þar sem um tuttugu unglíngum er boðið að taka þátt. RÚV gefur ungu tæknifólki möguleika á að taka þátt í framleiðslu á efni fyrir UngRÚV að undangengnu námskeiði skv. samningi þessum.
 - Námskeið í fréttamiðlun, vinnslu og flutningi. Ungt fréttafólk fær þjálfun í öllu því helsta sem þarf að kunna í fréttaflytningi. Fréttir þeirra eru svo birtar á UngRÚV og í Krakkafréttum. Námskeið fer fram stuttu fyrir Barnamenningarhátíð.
- SFS og UngRÚV setja á laggirnar UngRÚV ráð sem mótar dagskrárstefnu UngRÚV.



- Samstarf um Skrekk - hæfileikakeppni SFS.
 - Myndræn skrásetning á skólaheimsóknum þar sem allir þáttökuskólar eru heimsóttir og viðtöl tekin við keppendur,
 - Leggur til tækja- og tæknibúnað og vinnuframlag starfsfólks RÚV fyrir undanúrslit og úrslita kvöld.
 - Sendir út þrjár vefútsendingar af undanúrslitum.
 - Upptökur á prófílum, fyrir beina útsendingu.
 - Viðtal við sigurvegara frá árinu áður.
 - Umsjón með ungu fólki á samfélagsmiðlum UngRÚV.
 - Verkefnastjórnun og útsendingarstjórn á beinni útsendingu af úrslitakvöldi.
 - Umfjöllun um Skrekk á RÚV miðlum.
- Auka sýnileika unglinga í línulegri dagskrá á RÚV - jafnt í almennri dagskrá sem og sérstakri þáttagerð á helstu viðburðum ungmenna svo sem Samfés, Stíl, Danskeppni Samfés, Rímnaflæði, Upptaktinn og fleira.
- Framleiða spjallseríu þar sem ungmenni eru í forgrunni. Áhorfendur kynnst áhugaverðu ungu fólki og læra um málefni sem þeim eru hugleikin sbr. þáttagerð um ungt fólk sem fékk Íslenskuverðlaun SFS.
- Gæta skal trúnaðar gagnvart málefnum barna og skal tryggt að aflað sé samþykkis forsjáraðila þegar við á.

Samningurinn er mjög í takt við helstu markmið nýrrar menntastefnu sem eru eftirfarandi:

Að öll börn:

· vaxi, dafni og uni saman í samfélagi sem einkennist af lýðræði, jafnrétti, mannréttindum og virðingu fyrir fjölbreytileika mannlífsins.

· þrói sterka sjálfsmynd, trú á eigin getu og nái árangri námslega og félagslega í skóla- og frístundastarfi.

· lesi sér til gagns og gamans, afli sér þekkingar og öðlist skilning á samfélagi og náttúru. · sýni frumkvæði, skapandi og gagnrýna hugsun.

· tileinki sér heilbrigðan lífsstíl og búi yfir hæfni til að standa vörð um eigið heilbrigði.

Greiðslur samkvæmt samningi þessum til RÚV eru krónur 18.217.287- sem skiptist niður á þrjú ár. Kostnaður samningsins rúmast innan fjárhagsramma sviðsins.

Með tölvuskeyti, dags. 28. október 2020, er staðfest af innkaupaskrifstofu Reykjavíkurborgar að efni samstarfssamnings skóla- og frístundasviðs og RÚV sem lagður var fram til samþykktar fyrir skóla- og frístundaráð þann 10. nóvember 2020 falli undir reglugerð 1000/2016. Fram kemur í staðfestingunni að efni samningsins falli undir félagslega þjónustu og aðra sértæka þjónustu í skilningi kafla VIII. laga um opinber innkaup nr. 120/2016 (sjá orðasafn Evrópusambandsins (CPV), sbr. reglugerð EB nr. 933/2010 og reglugerð EB 1000/2016 er sú þjónusta sem fellur undir CPV númer 80000000-4 (Menntunar og þjálfunarþjónusta) og 80310000-0 (Fræðsla ungmenna) útboðsskyld í samræmi við kafla VIII. laga um opinber innkaup nr. 120/2016.

Umrædd kaup teljist vera sértæk þjónusta í skilningi 4. gr. reglugerðar 360/2022 um um útboðsvef, viðmiðunarfjárhæðir og innkaup samkvæmt samningi Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar (WTO) vegna opinberra innkaupa. Samkvæmt 4. gr. reglugerðarinnar er viðmiðunarfjárhæð slíkra kaupa kr. 112.724.000.-,-. Ljóst er því að kaupin eru ekki útboðsskyld. Með tölvuskeyti innkaupaskrifstofu Reykjavíkurborgar, dags. 14.



Reykjavíkurborg

desember 2022, er staðfest að framangreint staðfesting frá 28. október 2020 gildi enn þar sem lög um opinber innkaup hafa ekki tekið breytingum síðan þá.

Reglur Reykjavíkurborgar um styrki - samþykktar í borgarráði 25.maí 2017

Reglur Reykjavíkurborgar um styrki

1. kafli. Markmið.

1. gr.

Reykjavíkurborg veitir ár hvert félagasamtökum, fyrirtækjum og einstaklingum styrki til starfsemi og þjónustu sem fellur að hlutverki sveitarfélagsins eða telst á annan hátt í samræmi við stefnumörkun, áherslur og forgangsröðun borgaryfirvalda.

2. gr.

Markmiðið með styrkjum borgaryfirvalda er að styðja við sjálfsprottið starf, starfsemi frjálsra félagasamtaka og framtak einstaklinga sem stuðla að farsælli þróun borgarsamfélagsins, lífsgæðum og fjölbreytilegu mannlífi.

3. gr.

Með styrkjum skal leitast við að styrkja og efna til samstarfs á grundvelli samninga (styrksamninga, samstarfssamninga, þjónustusamninga) um uppbyggilega starfsemi og þjónustu í samræmi við áherslur og forgangsröðun borgaryfirvalda. Styrkir geta verið hvort sem er til einstakra verkefna eða rekstrar. Hvorki eru veittir styrkir til kaupa á húsnæði né sérstaklega til greiðslu fasteignaskatts.

2. kafli. Ábyrgð.

4. gr.

Borgarráð mótar almenna stefnu í styrkjamálum Reykjavíkurborgar og ákveður borgarstjórn við gerð fjárhagsáætlunar árleg framlög til styrkja. Borgarráð getur ár hvert samþykkt sérstakt áherslusvið í styrkveitingum næsta árs og ætlað fjármagn til styrkja á því sviði af styrkjalið borgarráðs.

Borgarráð fer með úthlutun styrkja, og gerð langtímasamninga, sem falla utan við verksvið fagnefnda borgarinnar. (Borgarráð getur þó falið einstökum nefndum að annast eftirlit og framkvæmd slíkra samninga.)

5. gr.

Fagnefndir Reykjavíkurborgar bera ábyrgð á meðferð styrkumsókna á sínu sviði, úthlutun styrkja og gerð samninga í umboði borgarráðs.

Einstaka fagnefndir skulu gera samþykkt um málefnaleg markmið og vinnulag í tengslum við úthlutun styrkja og samninga. Samþykktirnar skulu lagðar fyrir borgarráð til staðfestingar.

6.gr.

Skrifstofa borgarstjórnar fer með ábyrgð á umsjón styrkjamála miðlægt og styrkumsóknum sem koma til afgreiðslu borgarráðs. Í því felst m.a. móttaka styrkumsókna, skráning, flokkun og vísun til fagnefnda, gerð heildaryfirlita og árleg auglýsing ásamt umsóknar- og kynningarefni á vef Reykjavíkurborgar.

3. kafli. Meðferð og afgreiðsla umsókna og styrkja

7.gr.

Við meðferð og mat á umsóknum skal viðhafa góða stjórnsýsluhætti, gagnsæi og vönduð vinnubrögð.

Meginreglan skal vera sú að þær umsóknir einar séu gildar sem berast innan tilsetts umsóknarfrests og uppfylla þær kröfur sem gerðar eru í auglýsingu.

8. gr.

Auglýst skal fyrir 1. september ár hvert eftir almennum umsóknum um styrki til Reykjavíkurborgar. Við það skal miðað að frestur til að skila inn umsóknum einn mánuður og úthlutun nefnda og ráða sé lokið í árslok. Í auglýsingu skulu koma fram upplýsingar um umsóknarfrest, forsendur styrkveitinga og nauðsynleg fylgigögn, auk annarra hagnýtra upplýsinga. Þá skal koma fram í auglýsingu að styrkveiting feli í sér að umsækjendur undirgangist ákvæði reglna Reykjavíkurborgar um styrki

9. gr.

Umsóknum skal skilað á þar til gerðum eyðublöðum sem skulu vera aðgengileg á vef Reykjavíkurborgar www.reykjavik.is og á stofnunum borgarinnar.

Auk almennra upplýsinga um umsækjanda skulu eftirfarandi upplýsingar koma fram í umsókn:

- Markmið verkefnis eða starfsemi
- Tíma- og verkáætlun.
- Önnur fjármögnun verkefnis eða starfsemi og gögn því til stuðnings
- Aðrar upplýsingar, ef við á.
- Hafi umsækjendur áður fengið styrki skulu liggja fyrir skilagreinar um nýtingu fyrri styrkja.

10.gr.

Umsóknir skulu metnar með hliðsjón af a) markmiðum sem lýst er og hvort líklegt sé að þeim verði náð; b) hvort verk- og tímaáætlun sé raunhæf; c) hvort unnt sé að meta framvindu verksins; d) hvort skilagreinar og fyrri verkefni sem styrk hafa hlotið uppfylli lágmarkskröfur; e) væntanlegum árangri og ávinningi fyrir umrædda starfsemi f) fjárhagsáætlun og greinargerð um aðra fjármögnun sem einnig skal fylgja umsókn g) því hve vel þær falli að mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar og markmiðum um innleiðingu á kynjaðri fjárhags- og starfsáætlun.

Styrkþegum er skylt að skila greinargerð um ráðstöfun styrkfjár fyrir lok ráðstöfunarárs. Greinargerðinni skal skilað á sérstöku eyðublaði sem er aðgengilegt á www.reykjavik.is og hjá stofnunum borgarinnar.

Þeir sem njóta styrkja borgarinnar skulu skila hlutaðeigandi styrkveitanda á vegum borgarinnar (borgarráði eða fagráði) kyngreindum gögnum um þá sem eftir atvikum veita eða njóta tiltekinnar þjónustu eða gæða vegna styrkveitingarinnar skv. nánari reglum hér á eftir. Sama gildir um þá aðila sem fá framlög frá borgarsjóði á grundvelli samstarfs- eða þjónustusamninga.

11. gr.

Framkvæmdastjórar fagnefnda leggja umsóknir fyrir nefndir með rökstuddri tillögu um afgreiðslu á grundvelli samþykktra markmiða og vinnulags viðkomandi nefndar.

Skrifstofustjóri borgarstjórnar annast meðferð þeirra umsókna sem koma til afgreiðslu borgarráðs og leggur rökstuddar tillögur fyrir ráðið. Ef stuðst er við umsagnir undirnefnda eða ráðgefandi aðila skulu þær umsagnir jafnframt lagðar fram.

Tilkynna skal öllum umsækjendum skriflega um afgreiðslu styrkumsóknar og hvenær styrkur kemur til greiðslu, ef hann er veittur.

12. gr.

Styrkveiting gildir fyrir næsta fjárhagsár. Viðburðir eða verkefni eru ekki styrkt eftir á.

Styrkveiting felur ekki í sér fyrirheit um frekari skuldbindingar af hálfu Reykjavíkurborgar nema gerður sé sérstakur samningur þess efnis.

Nefndir skulu leggja styrkjasamninga, sem taka til lengri tíma en eins árs fyrir borgarráð til samþykktar.

13. gr.

Reykjavíkurborg áskilur sér rétt til að rifta samningum, afturkalla styrkloforð og/eða krefjast endurgreiðslu ef sannanlega er um forsendubrest eða vanefndir að ræða af hálfu styrkþega.

14. gr.

Að jafnaði skulu styrkir allt að 1 m.kr. greiddir í einu lagi, styrkir á bilinu 1-2 m.kr. í tvennu lagi, styrkir á bilinu 2-3 m.kr. í þrennu lagi, en hærrí styrkir ársfjórðungslega. Sama gildir um greiðslur vegna styrksamninga. Greiðslur fara fram 16.-18. mars, júní, september og desember.

15.gr.

Fagnefndir skulu leggja yfirlit veittra styrkja fyrir borgarráð til kynningar eins fljótt og auðið er. Þær annast jafnframt almenna kynningu á styrkveitingum hver á sínu sviði.

16.gr.

Styrkþegar skulu gera grein fyrir því í árslok hvernig styrkfé hefur verið varið.

Framlög Reykjavíkurborgar sem veitt eru í formi aðstöðu og/eða húsnæðis skuli metin skv. reiknireglum borgarinnar um innri leigu og gerð grein fyrir þeim ásamt öðrum styrkjum á viðkomandi starfsári.

Þeir aðilar sem njóta styrkja frá Reykjavíkurborg skulu láta þess getið í kynningarefni sínu.

4. kafli. Gildistaka

17. gr.

Reglur þessar svo breyttar taka gildi frá og með samþykkt í borgarráði 25.maí 2017 og falla þá úr gildi eldri reglur samþykktar af borgarráði.